

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 8. september 2020

Skólastarf í Grafarvogi fór af stað með breyttum hætti nú í haust m.a. vegna lokunar Korpuskóla og sameininga við aðra skóla í hverfinu. Talsvert hefur verið um að íbúar hafi gert athugasemdir við þá ákvörðun og framkvæmd hennar. Með hliðsjón af því, er lagt til að skóla- og frístundaráð, ásamt hlutaðeigandi stjórnendum á skóla- og frístundasviði, haldi opinn fund með íbúum í hverfinu þar sem farið verði yfir þær breytingar, ásamt stöðu skólamála almennt í Grafarvogi. Einnig verði farið yfir öll þau áform sem kynnt voru í aðdraganda breytingarinnar sem varða skipulagsmál, samgöngumál og umferðaröryggismál í hverfinu. Fulltrúar viðeigandi sviða verði sömuleiðis viðstaddir fundinn og upplýsi um stöðu mála. Ástæða er til halda fundinn hið fyrsta til að nota það sviðgrúm sem opnast hefur núna með breyttum samkomutakmörkunum.